

Nd.

355. Nefndarálit

[27. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft þetta frumvarp til athugunar ásamt frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957, sbr. nefndarálit sjávarútvegsnefndar um það mál á þskj. 353.

Af staðfestingu alþjóðasamþykktarinnar leiðir, að gera þarf þær breytingar á siglingalögum, sem í frumvarpinu felast, og var dr. jur. Þórður Eyjólfsson fenginn til þess að semja frumvarpið. Hefur nefndin rætt við hann um málið og fengið hjá honum greinargóðar upplýsingar og skýringar.

Þegar nefndin hafði málið til meðferðar á síðasta þingi, sendi hún Íslenzkri endurtryggingu það til umsagnar, og með bréfi, dags. 10. febrúar 1967, mælti Íslenzk endurtrygging með framgangi málsins.

Samkv. núgildandi lögum er ábyrgð útgerðarmanna takmörkuð við tvöfalt verð skips, að viðbættum 10%. Liggja þau takmörk langtum hærra en hámarksábyrgð samkv. Brüsselsamþykktinni, þegar ákvæði hennar hafa verið tekin upp í íslenzk lög, eins og lagt er til að gert verði með þessu frv. Verði frumvarpið að lögum, batnar þannig aðstaða íslenzkra skipaeigenda gagnvart erlendum skipaeigendum frá þeim þjóðum, sem aðild eiga að samþykktinni. Eins og nú hagar til, er hámarksábyrgð íslenzkra útgerðarmanna gagnvart erlendum útgerðarmönnum miklu hærri en hámarksábyrgð erlendra útgerðarmanna gagnvart Íslendingum.

Oft getur reynzt erfitt að ákveða verð skips, þegar reikna skal út hámark ábyrgðar, samkvæmt þeirri reglu, sem nú gildir. Samkvæmt Brüsselsamþykktinni aftur á móti er hámarksábyrgðin miðuð við lestatölu skips, þannig að enginn vafi leikur á um upphæðina.

Vegna þeirrar lækkunar á hámarksábyrgð íslenzkra útgerðarmanna, sem frv. gerir ráð fyrir, ættu tryggingar á þessu sviði að geta lækkað eitthvað. Á hinn bóginn má búast við því, að nauðsynlegt reynist að tryggja hafnarmannvirki fyrir skemmdum af völdum skipa, því að hugsanlegt er, að skip valdi það miklum skemmdum á hafnarmannvirkjum, að hámarksábyrgð þess nægi ekki til að borga tjónið að fullu.

Samkvæmt ábendingu Íslenzkrar endurtryggingar ræddi nefndin sérstaklega við dr. Þórð Eyjólfsson um takmörkun ábyrgðar gagnvart eigin starfsmönnum, sbr. 3. gr. frv., 2. mgr.

Norðurlöndin hafa ekki tekið upp hjá sér þessa takmörkun Brüsselsamþykktarinnar, og að athuguðu máli varð nefndin sammála um að fara í þessu efni eins að og hin Norðurlöndin. Flytur nefndin þess vegna brtt. við frumvarpið varðandi þetta atriði á sérstöku þskj., þar sem lagt er til, að takmörkun ábyrgðar eigin starfsmanna útgerðarinnar falli niður úr frv.

Einnig leggur nefndin til, að úr 3. gr. falli burt orðin: „Takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna nær ekki til vaxta eða málskostnaðar.“

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. marz 1968.

Birgir Finnsson, Pétur Sigurðsson, Guðl. Gíslason, Ragnar Jónsson.
form., frsm. fundaskr.

Lúðvík Jósefsson. Jón Skaftason. Björn Pálsson.